

Fundur stjórnar Íshokkísambands Íslands
miðvikudagurinn 8. maí 2025, klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GIP), Sigrún Agata (SA), Jóhannes Ævar Jónsson (JÆJ), Kristján Heiðar Kristjánsson (KHK), Pétur Andreas Maack (PM), Brynja Vignisdóttir (BV), Vilhelm Bjarnason (VB) og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Engin fjarverandi

Þetta var fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar eftir íshokkiþing sem haldið var 10 maí 2025.

Formaður fór yfir verkaskiptingu stjórnar og lýsti því að hefð væri fyrir því að sá aðila sem flest atkvæði tæki að sér embætti vara-fomanns. Samkvæmt kosningu á þingi var JÆJ með flest atkvæði á þinginu og GIP í öðru sæti. JÆJ lýsti því yfir að hann styddi GIP í embætti vara fomanns. Var það samþykkt.

Röð varamanna var kynnt eins og hún var á þinginu. En hún er þessi.

1. Varamaður Pétur Andreas Maack með 22 atkvæði
2. Varamaður Brynja Vignisdóttir með 20 atkvæði
3. Vilhelm Bjarnason með 17 atkvæði

Framkvæmdastjóri fór smávegis yfir forritið Slack sem stjórnin notar til samskipta.

Farið var yfir þau verkefni sem eru á döfinni og vinnuplagg sem nefnist „Verkefnalisti stjórnar og framkvæmdastjóra var lagður fram“

Umræður voru um framboð forseta ÍSÍ en formaður HP fer með atkvæði ÍHÍ á þinginu.

Umræður voru um þau mál sem þingið vísaði til stjórnar. Samþykkt var að kalla saman samráðshóp og óska eftir tilnefningum frá aðildarfélögum í hann. Mikilvægt er að flýta vinnu þess hóps. Stjórnin samþykkti að HP yrði fulltrúi stjórnar í þessum hóp og framkvæmdastjóri starfsmaður hópsins.

Rætt var um möguleika á því að taka mót frá IIHF til Íslands. Þessi möguleiki er alltaf að færast lengra og lengra frá okkur. Helst er það vegna verðhækkana á Hótel gistingum og akstri, en flestir liðir hafa hækkað eitthvað á sama tíma og greiðslan frá IIHF sem greidd er í dollurum hefur ekki breyst í mjög langan tíma. Einnig hefur gengisþróun dollars verið óhagstæð. Líkur á mótahaldi hér eru því litlar að óbreyttu.

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið.